



ÁLFABAKKA

THE BREAK UP	KL. 3-5:45-8-10:20
THE BREAK UP VIP	KL. 4:15-8-10:20
FAST & THE FUR. 3	KL. 3:30-5:45-8-10:20
BÍLAR ísl. tal	KL. 3-5:30-8
CARS enskt tal	KL. 3-5:30-10:20
THE LAKE HOUSE	KL. 3:30-5:45-8-10:20
SLITHER	KL. 10:30
SHE'S THE MAN	KL. 8

KRINGLUNNI

THE BREAK UP	KL. 3:45-6-8:15
FAST & THE FUR. 3	KL. 8:15-10:30
BÍLAR ísl. tal	KL. 4-6:30
CARS enskt tal	KL. 3:45-9
POSEIDON	KL. 6

KEFLAVÍK

THE BREAK UP	KL. 8-10:10
THE CLICK	KL. 8
FAST & THE FUR. 3	KL. 10:10


AKUREYRI

THE BREAK UP	KL. 6-8-10:10
THE LAKE HOUSE	KL. 8-10:10
BÍLAR ísl. tal	KL. 5:50

HÁSKÓLABÍÓ

THE BREAK UP	KL. 6-8:15-10:30
THE LAKE HOUSE	KL. 6-8:15-10:30
CARS enskt tal	KL. 6-8:30-10:50
BÍLAR ísl. tal	KL. 6-8:30
KEEPING MUM	KL. 6-8:20-10:30
POSEIDON	KL. 10:50

NÝTT Í BÍÓ



400 kr. í bíói
Gleði á öllum
sýningum með
rautblá

SMÁRA BÍÓ

THE BENCHWARMERS	KL. 4, 6, 8 og 10 BL. 10 ÁRA
CLICK	KL. 3, 5.30, 8 og 10.30 BL. 10 ÁRA
CLICK I LUXUS	KL. 3, 5.30, 8 og 10.30 BL. 10 ÁRA
JUST MY LUCK	KL. 8 og 10.20
RV	KL. 3.40 og 5.50
DA VINCI CODE	KL. 6 og 9 BL. 14 ÁRA
RAUÐHETTA ÍSLENSKT TAL	KL. 4

REGNBOGGINN

THE BENCHWARMERS	KL. 6, 8 og 10 BL. 10 ÁRA
CLICK	KL. 5.30, 8 og 10.30 BL. 10 ÁRA
THE OMEN BL. 16 ÁRA	KL. 10.30
X-MEN 3	KL. 5.30 og 8 BL. 12 ÁRA
DA VINCI CODE	KL. 8 BL. 14 ÁRA
TAKE THE LEAD	KL. 5.30 BL. 10 ÁRA

LAUGARBÍÓ

THE FAST AND THE FURIOUS 3	KL. 4, 6, 8 og 10.15 BL. 12 ÁRA
CLICK	KL. 4, 6, 8 og 10.15 BL. 10 ÁRA
STAY ALIVE	KL. 10.15 BL. 16 ÁRA
TAKE THE LEAD	KL. 5.45 og 8 BL. 10 ÁRA
RAUÐHETTA ÍSLENSKT TAL	KL. 4

BORGARBÍÓ

THE BENCHWARMERS	KL. 6, 8 og 10 BL. 10 ÁRA
THE FAST AND THE FURIOUS 3	KL. 10.10 BL. 12 ÁRA
CLICK BL. 10 ÁRA	KL. 6 og 8

Að verma bekkinn, að verma botninn




Kvikmyndir

Jón Þór Pétursson

The Benchwarmers

Leikstjóri: Dennis Dugan
Aðalhlutverk: Rob Schneider, David Spade, Jon Heder, Molly Sims og Jon Lovitz.
Lengd: 80 mín
Bandaríkin 2006



Myndin The Benchwarmers eru nú sýnd í kvikmyndahúsum borgarinnar en í aðalhlutverki er konungur aulalegra svipbrigða, Rob Schneider, konungur gáfulega „dissins“, David Spade, og nú konungur nördismans Jon Heder.

Myndin fjallar um þrjá menn sem koma saman og spila hafnabolta. Á völinn koma hrekksjúsín sem þeir skora á og vinna. Atburðarás fer af stað og herra mennirnir þrír keppa víðs vegar um Ameríku við 12 ára krakka en þjálfarar þeirra eru algjör hrekksjúsín. Aðeins Rob Schneider getur eitthvað í hafnabolta en grínið felst meðal annars í því hvað hinir tveir eru lélegir. Seinna í myndinni kemur í ljós að persóna Rob Schneider á sér skitugt leyndarmál sem á eftir að draga dill á eftir sér.

Bekkjaverminirnir eiga þá við gamla stríðnisþúka að etja sem stríddu þeim þegar þeir voru yngri en þjálfar nú nýja kynslóð af stríðnisþúkum. Það skemmtilega við þetta allt saman er það að allir virðast vera með þroska á við tíu ára gömul börn og allt snýst þetta um að berjast gegn kúgun hrekksjúsína sem virðast hafa einhvern undarlegan kvalalasta er tengist geirvörtum.

Það er sjaldan sem ég fer í bíó og reiðist en það gerðist á The Benchwarmers og eftir klukkutíma af Disney-legum aulabróndurum kom hlé og hægt var að anda léttar. Það sem tók við eftir hlé var því miður



Boðskapur myndarinnar er sá að maður á ekki að leggja fólk í einelti

einungis verra. Myndin náði þannig þeim vafasama heiðri að verða lélegri með hverri mínútu og þarf nánast hæfileika til að geta gert eitthvað svona illa.

Allir nördarnir eru þá með eða enda með ljóshæðum þokkagjöfum og er það kunnuglegt leiðarstef í bandarískri kvikmyndagerð. Það væri þá gaman að sjá einu sinni ótrúlega nörðalega konu með karlmódeli en sennilega er það svo bylt-ingarkennd hugmynd að ekki má til þess hugsa, að minnsta kosti ekki næstu tuttugu árin.

Allur húmor myndarinnar er á saur- og þvagstiginu og heyrna má hvern aulabrandarann á fætur öðrum. Það eru í heildina svona þrír staðir í myndinni sem ástæða er til að reyna að brosa án þess þó að það verði að veruleika. Eini ljósi punkturinn í myndinni er furðuleg persóna Jon Lovitz en það er samt ekkert sem getur bjargað þessari mynd fyrir horn.

Boðskapur myndarinnar er sá að maður á ekki að leggja fólk í einelti og leyfa öllum að vera með, ekki bara þeim sem skara fram úr í íþróttum, nördar eru líka fólk eða

eitthvað í þá áttina. Þetta er þá matreitt á sama andlausa mátann og svo margt frá draumaverksmiðjunni í Hollywood og prumpusenurnar geta varla höfðað til neinna annarra en krakka á aldrinum 7-12 ára.

.....
jon@bladid.net



Steintryggur í Englandi

Það er mikið um að vera hjá hljómsveitinni Steintryggi um þessar mundir.

Hljómsveitin Steintryggur er í Stóra-Bretlandi núna þar sem hún lék á tónlistarhátíð smáþjóða í Wales, The Small Nation Festival um helgina og mun leika á Rythm Sticks-hátíðinni í London þann 18.júlí.

Steintryggur eru Steingrímur Guðmundsson og Sigtryggur Baldursson og hefur starfað frá 2003 en það ár kom út geisladiskurinn Dialog sem fékk lofsamlega dóma í fjölmiðlum og fór í dreifingu í Evrópu í apríl á síðasta ári og í framhaldi af því fóru þeir félagar í tónleikaferð um Bretland og Vestur-Evrópu síðastliðið haust.

Smáþjóðahátíðin var fyrst haldin 2002 og tónlistarmenn víða að úr heiminum taka þátt í henni. Hún er haldin á sveitabæ í Cambria-fjöllunum í Wales. Rythm Sticks-hátíðin er stærsta slagverkshátíð í Evrópu og koma margir þekktustu slagverksleikarar heims þar fram, má þar nefna nöfn eins og Trilok Gurtu og Evelyn Glennie, en hátíðin er haldin í Royal Festival Hall í London.

Steintryggur mun leika nýtt efni af væntanlegum geisladiski en Steintryggsmönnum hefur borist liðsauki, Ástralinn Ben Frost sem sér um hljóðmynd og "special effects". Munu þeir félagar eyða vikutíma milli tónleikanna til að klára upptökur á nýjum disk, og hafa til þess fengið leigða hlöðu í Wales, langt frá mannabyggðum. Ekki ósvipað Jack Nicholson í „The Shining“.

Hvað er að gerast?

Blaðið vill endilega fjalla um atburði líðandi stundar. Sendu okkur línu á gerast@bladid.net.

10.00 – Námskeið

Námskeið í söng og leiklist. Borgarleikhúsið, Anddyri

20.30 – Leiklist

Light Nights 4. Sýning
Iðnó

Listasýningar

101 gallery – opunar-

tími 14:00 - 17:00

Steinunn Þórarinsdóttir. Sýning frá 9. júní til 22. júlí. Ópið fimmtudaga, föstudaga, laugardaga frá 14-17.

101 gallery - Hverfisgata, 101 Reykjavík

Ásgerður Búadóttir

vefistakona – opunartími 09:00 - 20:00

Sumarsýning Listvinafélags Hallgrímskirkju. Ásgerður Búadóttir sýnir í forkirkju Hallgrímskirkju. Ásgerður er frumkvöðull nútímavéflistar á Íslandi og hafa verk hennar ætíð haft sterka skírskotun til landsins og til náttúrunnar. Sýningin er í samvinnu við Listasafn Háskóla Íslands. Til 26. ágúst.

Hallgrímskirkja – Skólavörðuholti, 101 Reykjavík

Joris Rademaker sýnir í Listagilinu

– opunartími 12:00 - 00:00

Sýningin heitir Mjúkar línur / Smooth lines og var opnuð 1. apríl. Þetta er hluti af myndaröð sem enn er í vinnslu. Myndirnar eru unnar á striga og pappír á óhefðbundinn hátt. Unnið er með spaghetti og graffitisprey. Sýningin stendur til 6. okt. 2006 Karólína Restaurant - Kaupvangsstræti 23, 600 Akureyri

Ljósmyndir frá Grænlandi

í Norræna húsinu – opunartími 09:00 - 17:00

Sumarsýning í anddyri Norræna hússins 23. júní til 27. ágúst. Ljósmyndir frá Austur-Grænlandi eftir danska ljósmyndarann Ole G. Jensen. Ópið virka daga kl. 9-17. Laugardaga og sunnudaga kl. 12-17.

Norræna húsið - Sturlugötu 5, 101 Reykjavík

Maðurinn í náttúrunni

– Náttúran í manninum

– opunartími 11:00 - 17:00

Yfirlitssýning á verkum Guðmundar Einarssonar frá Miðdal. Unnin í samstarfi við Náttúrufræðistofu Kópavogs. Safnbúð og kaffistofa. Lokadagur sýningarinnar er í dag. Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn - Hamraborg 4, 200 Kópavogur

Málverkasýning Ólafs

Jónssonar – opunartími 12:00 - 20:00

Ólafur Jónsson (iló), Berjalandi, Kjós opnaði málverkasýningu 1. júní sl. og verður hún opin í sumar.

Kaffi Kjós – Meðalfellsvegur, 270 Mosfellsbær

Patrick Huse, Innileg fjarvera - Intimate Absence

– opunartími 11:00 - 17:00

Norski listmálarinn og ljósmyndarinn Patrick Huse opnaði sýningu á ljósmyndum og málverkum í Hafnarborg laugardaginn 3. júní kl. 15. Sýningar hans eru víðamiklar og fara víða um heim en að þessu sinni kemur sýning frá Henie-Onstad listamiðstöðinni í Ósló. Sýningunni lýkur í dag.

Hafnarborg – Strandgötu 34, 220 Hafnarfjörður

SÉRBLAÐ HÚSBYGGJANDANS

Þriðjudaginn 11. júlí

ALLT SEM TENGIST NÝBYGGINGUM OG VIÐHALDI Á NÝJUM SEM GÖMLUM HÚSUM

blaðið

Auglýsendur, upplýsingar veita:

Kolbrún Ragnarsdóttir • Sími 510 3722 • Gsm 848 0231 • kolla@bladid.net
Katrín L. Rúnarsdóttir • Sími 510-3727 • Gsm 856-4250 • kata@vbl.is